

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti 22. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að afmarkaðar eru fimm nýjar lóðir fyrir atvinnustarfsemi tengda virkjuninni á Reykjanesi, skilgreint mannvirkjabelti og borteigar fyrir vinnslu-, rannsóknar- og niðurdælingaholur, þar með talið nýja rannsóknarholu HAL-3. Samhliða þessari auglýsingu er auglýst óveruleg deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagssvæði iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi þar sem skipulagssvæðinu er skipt í tvo hluta, þ.e. annars vegar innan Grindavíkurbæjar og hins vegar innan Reykjanesbæjar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hjá Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

Grindavíkurbæ, 25. maí 2022.

Fannar Jónasson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2022